# Mat á óviðeigandi hegðun

Lækjarskóli
Ábyrgð - Virðing - Öryggi

# SMT agaferill

| Viðbragðsstig | Viðbrögð |
|---|---|
| 1. **Viðbragðsstig:** Munnleg áminning<br>Dæmi:<br>● *þras/ögrun/rifrildi*<br>● *truflar athafnir/leiki/vinnu annarra*<br>● *gengur illa um*<br>● *pot/hrindingar/árekstrar.* | 1. Nemandinn er áminntur munnlega<br>2. Viðeigandi hegðun rifjuð upp og kennd nemandanum<br>3. Starfsmaður lætur umsjónarkennara vita af atviki að lokinni kennslustund. A.m.k. samdægurs.<br>4. Umsjónarkennari ræðir við nemandann um málið.<br>5. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hvetji nemanda til að bæta sig og hrósi honum fyrir samvinnu. |
| 2. **Viðbragðsstig**: Skrifleg áminning<br>*Dæmi:*<br>● *særandi/niðrandi orðbragð/hæðni*<br>● *óhlýðni/neitar að fylgja fyrirmælum*<br>● *ósannsögli/svik/svindl*<br>● *áreiti/hrekkir/stríðni*<br>● *annað (s.s nemandi gengur út úr tíma).* | 1. Starfsmaður áminnir nemanda skriflega og skráir á Mentor.<br>2. Umsjónarkennari, starfsmaður frístundar eða sá sem veitti áminninguna hefur samband heim símleiðis og ákveður næstu skref með forráðamönnum. Hann skráir allar ákvarðanir á símtalsblað þar sem fram koma ráðlögð viðbrögð við hegðuninni.<br>3. Umsjónarkennari heldur utan um símtalsblöð og önnur gögn í læstri hirslu.<br>4. Eftir þrjú símtalsblöð vísar umsjónarkennari málinu til lausnateymisins.<br>5. Lausnateymið ákveður næstu skref, hvort málið sé leyst af umsjónarkennara í samráði við deildarstjóra, eða hvort þurfi að vísa málinu áfram til sérfræðinga eða nemendaverndarráðs. |
| **3. Viðbragðsstig: Alvarlegt brot**<br>**Dæmi:**<br>● *ofbeldi/slagsmál/ógnandi hegðun*<br>● *skemmdarverk*<br>● *þjófnaður* | 1. Nemandi er tekinn úr aðstæðum.<br>2. Starfsmaður hefur strax samband við skólastjórn sem tekur ákvörðun um framhaldið.<br>3. Umsjónarkennari, starfsmaður eða skólastjórn hefur samband heim, lætur vita af brotinu og biður forráðamann að sækja nemandann og skráir í Mentor.<br>4. Nemandinn mætir á fund í skólann með forráðamönnum daginn eftir. |

# Mat á óviðeigandi hegðun

| | |
|---|---|
| • *annað (s.s vopn, eldfæri, reykingar, rafrettur, áfengi, munntóbak og fikniefni)*<br>• *óæskileg hegðun (s.s. kynferðisleg)* | 5. Farið yfir atvik, lausn fundin og viðurlög ákveðin. |
| **4. Ef grunur eða vissa er til staðar um hegningarlagabrot á skólatíma skal það tilkynnt til lögreglu í síma 112:**<br>**Dæmi:**<br>• ***Ofbeldi:***<br>*Grunur um kynferðislegt ofbeldi, líkamsárás þar sem brotaþoli verður fyrir alvarlegum meiðslum eða með hættulegri aðferð. Alvarleg meiðsl teljast t.d. beinbrot, tannáverkar, höfuðmeiðsl og augnáverkar. Hættuleg aðferð telst t.d. þrenging að öndunarvegi, spark í höfuð eða beita/ógna með vopni.*<br>• ***Vímuefni:***<br>*Grunur um notkun, dreifingu eða sölu vímuefna á skólalóð*<br>• ***Skemmdarverk:***<br>*T.d. rúðubrot, veggjakrot, innbrot í tölvukerfi skóla, íkveikjur og önnur skemmdarverk á eigum skólans þar sem tjón er umtalsvert.*<br>• ***Þjófnaður:***<br>*T.d. innbrot (einnig í tölvukerfi skóla), þjófnaður á munum/gögnum skólans þar sem tjón er umtalsvert t.d. tölvur, tölvubúnaður, hljóðfæri oþh.* | |

*** Tímabil agaferils miðast við fjóra mánuði. Stoppmiðar fyrnast á milli skólaára.**

**** Öll atvik þar sem grunur er um áhættuhegðun ungmenna undir lögaldri ber skólanum að tilkynna til barnaverndar**